



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

17. fundur stjórnar 2022-2023 þriðjudaginn 16. maí 2023

kl. 15.00 – 17.00 á skrifstofu félagsins Bændahöllinni v/Hagatorg

Mætt: Pétur Henry Petersen formaður og Engilbert Sigurðsson.

Á Teams: Grétar Þór Eyþórsson, Guðný Björk Eydal, Hólmfríður Garðarsdóttir, Ólafur Páll Jónsson og Þóroddur Bjarnason.

Forföll: Ingibjörg Svala Jónsdóttir.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Ársreikningur FPR 2022 – áritun stjórnar
2. Aðalfundur.
3. Önnur mál.

Pétur Henry Petersen formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 15.05.

1. Ársreikningur FPR 2022 – áritun stjórnar.

Gjaldkeri og framkvæmdastjóri fóru yfir ársreikninginn. Endurskoðandi félagsins, Ágústa Katrín Guðmundsdóttir hjá Endurskoðun og reikningshaldi ehf., og skoðunarmenn félagsins, þeir Brynjólfur Sigurðsson og Jónatan Þórmundsson voru búin að undirrita hann.

Afgangur var á rekstri félagsins á árinu 2022 var 6,5 m.kr. samanborið við 10,1 m.kr. árið áður. Afgangur af rekstri Starfsþróunarsjóðs prófessora nam 14,4 m.kr. en var 35,9 árið 2021. Helstu breytingar á milli ára skýrast að mestu leyti af Covid-19 faraldrinum sem gerði það að verkum að reksturinn var minna umleikis á árinu 2021. Hvað varðar Starfsþróunarsjóðinn voru mun færri umsóknir í sjóðinn það ár þar sem mörgun ráðstefnum og viðburðum var ýmist frestað eða féllu niður á árinu.

Stjórnin samþykkti ársreikninginn samhljóða og verður hann undirritaður rafrænt eftir fundinn.

2. Aðalfundur.

Formaður upplýsti að skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2022-2023 er vinnslu á Teams og verður kláruð í lok vikunnar. Athugasemdir þurfa að berast fyrir kl. 12.00 mánudaginn 22. maí. Ef engar athugasemdir berast fyrir þann tíma skoðast hún samþykkt. Skýrslan verður send þann sama dag til félaga FPR fyrir aðalfund.

Tvær ályktanir verða teknar fyrir á aðalfundinum. Ein er ályktun stjórnar FPR um húsnæðismál sem var samþykkt af stjórn. Hin ályktunin fjallar um myndun starfshóps um hvort launasetning prófessora sé málefnaleg undirrituð af formanni ásamt fleirum.

Ályktanirnar verða sendar félagsfólki til kynningar í tölvupósti 17. maí.

Fram komu tillögur að fundarstjóra fyrir aðalfundinn. Framkvæmdastjóri kannar málið en hún verður fundarritari.

3. Önnur mál.

a) **Kjarasamningur FPR og kosningar um hann.**

Formaður upplýsti að samninganefnd FPR væri búin er að skrifa undir miðlæga kjarasamninginn með fyrirvara um samþykki félagsfólks. Samningurinn er til eins árs með gildistíma frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024. Kynningarfundur um samninginn var þann 15. maí á Teams og gekk hann vel. Beðið er eftir niðurstöðum kosninga meðal félagsfólks um samninginn en atkvæðagreiðslan hófst eftir fundinn og lýkur að miðnætti fimmtudaginn 18. maí.

Þá er búið að breyta stofnanasamningnum við HÍ en samningarnir eru í vinnslu hjá hinum ríkisháskólunum.

Uptaka og glærur frá kynningarfundinum verða sendar félagsfólki síðar í dag og fólk minnt á að kjósa. Niðurstöður atkvæðagreiðslu mun liggja fyrir á föstudagsmorgun og Samninganefnd ríkisins upplýst um niðurstöðuna.

b) **Akademískt starfsfólk í eitt félag.**

Formaður telur mikilvægt að sameina akademískt starfsfólk í eitt félag og minnti á bókunina sem hann lagði fram á síðasta fundi. Hann lagði áherslu á að næsta stjórn fylgi málum eftir.

c) **Fundargerðir stjórnar.**

Formaður sagði að vegna anna og fjölda stjórnarfunda hefur ekki náðst að klára ritun fundargerða. Samþykkt var að afgreiða þær í tölvupósti.

d) **Breytingar í stjórn eftir aðalfund.**

Formaður er að hætta í stjórn og þakkaði fyrir samstarfið og óskaði öllum góðs gengis. Engilbert er einnig að hætta í stjórn og þakkaði fyrir samstarfið. Þeim var sömuleiðis þakkað fyrir samstarfið og einnig Ingibjörgu Svölu sem er einnig að hætta í stjórn en hún komst því miður ekki á fundinn.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16.32.

Fundarritari: LÞ.